

Fundargerð stjórnar SOS nr. 301



Staður: Skrifstofa SASS að Austurvegi 56 Selfossi

Dagsetning og tími: 13. apríl 2021 kl. 16:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mætti Stefán Gíslason (SG) frá Environice, Bjarni Guðmundsson SASS og Ólafur Gestsson PWC.

Í fjarfundi mættu Elísabet B. Lárusdóttir, umhverfisráðgjafi, og Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS.

1. Þekkingarsetur á Laugarvatni um úrgangsmál

Elísabet B. Lárusdóttir mætti í fjarfundi ásamt Þórði Frey Sigurðssyni og kynnti hugmyndir um þekkingarsetur og úrgangstorg. Markmið verkefnis væri að greina vandamál og þróa lausnir þegar kemur að samræmingu, öflun, framsetningu og hagnýtingu upplýsinga og leiðum til að mæta alþjóðlegum markmiðum í úrgangsmálum.

Elísabet og Þórður fóru af fundi klukkan 16:40

2. Ársreikningur SOS 2020

Ólafur Gestsson, PWC, endurskoðandi SOS, mætti á staðinn og kynnti ársreikning SOS fyrir árið 2020 og helstu tölur í honum. Stjórn samþykkti framlagðan ársreikning og áritaði hann.

Ólafur fór af fundi klukkan 16:55

3. Orkugerðin ehf

Ársreikningur 2020 og aðalfundur. Lagt fram til kynningar.

4. Móttaka á óvirkum og grófum úrgangi

Farið var yfir stöðu mála.

5. Úrgangstölur fyrir 2020

Stefán Gíslason lagði fram skýrslu með tölulegum upplýsingum ársins 2020. Stjórn þakkar fyrir skýrsluna og felur Stefáni að vinna upplýsingarnar frekar og búa skýrsluna til afhendingar sveitarfélögum sem aðild eiga að SOS. Formanni falið að koma fullbúinni skýrslu til sveitarfélaganna.

6. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason gerir grein fyrir stöðu mála. Haft hefur verið samband við helstu hirðuaðila. Vaxandi eftirspurn er frá Evrópu eftir úrgangi til brennslu. Umhverfismati er lokið fyrir Fíflholt og Stekkjavík og endurnýjun starfsleyfa liggur fyrir dyrum en óvíst er að þar verði lausn fyrir sveitarfélög á Suðurlandi. Þörf fyrir hræbrennslu hefur minnkað aftur og verkefnið er enn á undirbúningsstigi.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 18. maí næstkomandi klukkan 15:00 á Flúðum.

Fundi slitið klukkan 18:00